

Alþingi

Erindi nr. D 116/1991

komudagur 9/3 1993

Garðabæ 1. marz 1993

Allsherjarnefnd Alþingis

Formaður


Frú Sólveig Pétursdóttir

Með tilvísan til erindisbréfs míns dags. 9. febrúar 1993,
vegna framlagðs frumvarps um skaðabótaskyldu.

Mér undirrituðum hefur ekki enn borist viðbrögð yðar vegna
ofanritaðs bréfs.

Hér er um svo alvarleg mál að ræða, að eigi verður hjá því
komist að ítreka ofanritað erindi.

Virðingarfyllst.



Jón Jónsson,
Markarflöt 10,
210 Garðabæ.

Meðf. bréf dags. 9. febrúar 1993

Garðabæ 9. febrúar 1993

Allsherjarnefnd Alþingis

Formaður
Frú Sólveig Pétursdóttir

Vegna framlagðs frumvarps til laga um skaðabótaskylda.

Hér með óska ég undirritaður vinsamlegast eftir upplýsingum um hversu marga einstaklinga, sem orðið hafa fyrir slysum sem leitt hafa til meiri háttar örorku, var haft samband við og þeir beðnir álits, og eða aðstændendur þeirra við undirbúning ofangreinds frumvarps.

Astæða fyrirspurnar þessarar er að í júlí-mánuði 1978 varð dóttir mín fyrir ökutæki þá nýorðin 5 ára og þverlamaðist frá 7. hryggarlið (100 % þverlömum).

Sú reynsla sem ég undirritaður hef orðið vitni að og reynt, er með þeim ólíkindum að enginn myndi trúá að óreyndu.

Það er verulegur ábyrðarhluti að leggja fram frumvarp til skaðabótalaga sé ekki tekið mið af öllum þeim aðstæðum sem upp geta komið við varanlegri meiri háttar örorku einstaklings.

Með vinsamlegri ósk um snögg viðbrögð.

Virðingarfyllt

Jón Jósefsson
Markarflöt 10
210 Garðabæ.